

**Nd.**

**668. Breytingartillögur**

[155. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Peir, sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótfamlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.
2. Við 7. gr.
  - a. Í stað tveggja síðustu málsliða 3. mgr. komi:  
Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.
  - b. Á eftir orðinu „vixilvöxtum“ í 1. málslið 4. mgr. komi: og ábyrgð tveggja manna.
3. Við 8. gr. Í stað „ekki síðar en 30 árum“ í 4. mgr. komi: ekki síðar en 40 árum.
4. Við 12. gr. Á eftir orðunum „má veita honum“ í 3. mgr. komi: aukalán eða.